

Fundargerð 253. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

Fundarstaður:	Fundarsalur Þingborg
Fundardagur:	Þriðjudagur 7. september 2021
Fundartími:	13:00 – 16:25
Fundarmenn:	Árni Eiríksson oddviti Hrafnkell Guðnason varaoddviti Margrét Jónsdóttir Rósa Matthíasdóttir Sigurður Ingi Sigurðsson Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri Guðmundur Daníelsson undir lið nr. 2 Hafís Bjarnardóttir og Inga S. Ásmundsdóttir undir lið nr. 3

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Samþykkt að bæta við undir liðnum Önnur mál - umræða um fjallskilasamþykkt Árnessýslu. Engar athugasemdir gerðar.

Dagskrá:

1. Fundargerð skipulagsnefndar nr. 222, dags. 25.08.2021

a) Lækjarholt 1 L231163 og 2 L231164; Deiliskipulag – 2106068

Lögð er fram að nýju umsókn frá Landhönnun er varðar nýtt deiliskipulag í landi Lækjarholts 1 og Lækjarholts 2 í Flóahreppi. Innan skipulagsins er gert ráð fyrir byggingarheimildum fyrir þremur íbúðarhúsum með bílskúr allt að 300 fm á 1-2 tveimur hæðum auk gestahúsa og skemma. Lækjarholt 1 er um 9 ha að stærð og Lækjarholt 2 um 2 ha. Samkvæmt deiliskipulaginu er gert ráð fyrir því að Lækjarholt 2 verði óbreytt en Lækjarholt 1 skiptist upp í 3 spildur á bilinu 2,19 - 3,60 ha að stærð. Málinu var synjað á 220 fundi skipulagsnefndar, framlögð gögn eru uppfærð frá fyrri umsókn.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja deiliskipulagstillögu til kynningar og umsagna í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Lögð fyrir sveitarstjórn Flóahrepps tillaga að nýju deiliskipulagi fyrir Lækjarholt 1 og 2 í Flóahreppi, þar sem gert er ráð fyrir byggingarheimildum fyrir þremur íbúðarhúsum með bílskúr allt að 300 fm á 1 – 2 hæðum, auk gestahúsa og skemma. Gert er ráð fyrir að um 2 ha spilda sem tilheyrir Lækjarholti 2, verði óbreytt en 9 ha spilda sem tilheyrir Lækjarholti 1 skiptist upp í 3 spildur á bilinu 2,19 – 3,60 ha að stærð. Gögn hafa verið uppfærð samkvæmt ábendingum frá 220. fundi skipulagsnefndar.

Sveitastjórn Flóahrepps samþykkir framlögð gögn og deiliskipulagstillöguna til kynningar og umsagnar skv. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og felur skipulagsfulltrúa að vinna málið áfram.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

b) Skógsnes 2, L229833 og Lauftún, L230656; Deiliskipulag – 2106070

Lögð er fram að nýju eftir kynningu tillaga deiliskipulags sem tekur til lóða Skógsness 2 L229833 og Lauftúns L230656 úr landi Skógsness í Flóahreppi. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir að á hvorum stað rísi íbúðarhús, gestahús, reiðhöll/skemma og vélaskemma. Hvort land fyrir sig er um 60 ha. Engar athugasemdir bárust á kynningartíma skipulagsins.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags Flóahrepps 2017-2029.

Lögð fyrir sveitarstjórn Flóahrepps að lokinni kynningu tillaga að deiliskipulagi tveggja 60 ha lóða, Skógsness 2 L229833 og Lauftúns L230656 úr landi Skógsness. Tillagan gerir ráð fyrir að á hvorum stað rísi íbúðarhús, gestahús, reiðhöll/skemma og vélaskemma. Engar athugasemdir bárust á kynningartíma.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir fyrirbyggjandi tillögur og felur skipulagsfulltrúa að vinna málið áfram á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags Flóahrepps 2017 – 2029.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

c) Ásahraun L178801; Braggi 25 fm; Fyrirspurn – 2108035

Lögð er fram fyrirspurn frá Súsönnu Björk Torfadóttur er varðar bragga á lóð Ásahrauns L178801.

Skipulagsnefnd mælist til þess að byggingarfulltrúi fari í vettvangsferð á svæðið til að afla gagna er varðar skráningu núverandi húsa innan lóðarinnar áður en afstaða er tekin til fyrirspurnar.

Lögð fram fyrirspurn frá Súsönnu Torfadóttur varðandi bragga á lóð Ásahrauns.

Sveitastjórn frestar afgreiðslu málsins þar til byggingarfulltrúi hefur skilað umbeðnum gögnum.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

d) Arnarstaðakot L166219; Nýtt deiliskipulag; Fyrirspurn – 2103037

Lögð er fram til kynningar hugmyndartillaga sem tekur til deiliskipulags íbúðarbyggðar í landi Arnarstaðarkots í Flóahreppi.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við framlögð kynningargögn en mælist þó til þess að málið verði skoðað vel út frá hugmyndum um breikkun Suðurlandsvegur.

Lögð fyrir sveitarstjórn Flóahrepps fyrirspurn – 2103037 vegna hugmyndatillögu að deiliskipulagi íbúðarbyggðar í landi Arnarstaðarkots L166219 í Flóahreppi. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við framlögð gögn en bendir á að vegna nálægðar við Suðurlandsveg er nauðsynlegt að hafa í huga framtíðaráform um breikkun hans.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

e) Hamar land 2, 212450; Deiliskipulag – 2106069

Lögð er fram að nýju tillaga deiliskipulags er varðar land Hamars 2 L212450 í Flóahreppi. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining á byggingarheimildum innan land Hamars 2 þar sem gert er ráð fyrir núverandi aðstöðuhúsi, tveimur reið-/vélaskemmum allt að 800 fm, tveimur einbýlishúsum með bílskúr, allt að 200 fm auk fjögurra gestahúsa allt að 50 fm. Heildarstærð landsins er um 110 ha. Tillagan var kynnt frá 14. júlí - 6. ágúst. Ein athugasemd barst vegna tillögunnar sem brugðist hefur verið við innan gagnanna.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggi fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Lögð fyrir sveitarstjórn Flóahrepps að lokinni kynningu, tillaga að deiliskipulagi fyrir Hamar 2 L212450 í Flóahreppi. Skilgreindar eru byggingarheimildir fyrir tveimur reið-/vélaskemmum allt að 800 fm, tveimur einbýlishúsum með bílskúr, allt að 200 fm auk fjögurra gestahúsa allt að 50 fm. Heildarstærð landsins er 110 ha. Ein athugasemd barst á kynningartíma og hefur verið brugðist við henni innan gagnanna. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagða tillögu og felur skipulagsfulltrúa að auglýsa hana á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggi fyrir innan aðalskipulagsins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

f) Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 21 – 147 – 2107026F

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 12. ágúst 2021.

2. Flóaljós – eftirlit og stækkunarmöguleikar, upplýsingar frá hönnuði

Guðmundur Daníelsson mætti til fundarins. Farið yfir nokkur atriði varðandi möguleika á fjölgun notenda og samanburð við skipulagsáætlanir. Fram komu hugmyndir um möguleika á samstarfi varðandi rekstur fjarskiptakerfanna á svæðinu. Sveitarstjórn beinir þeim tilmælum til framkvæmda og veitunefndar að taka málið til skoðunar. Að öðru leyti lagt fram til kynningar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

3. NPA setrið – kynning

Hafðís Bjarnadóttir og Inga S. Ásmundsdóttir mættu til fundarinn í gegnum fjarfundabúnað og kynntu starfsemi NPA setursins á Selfossi. Starfsemi þeirra gengur út á aðstoð við ráðningu og starfsmannahald til þeirra sem nýta Notendastýrða persónulegra aðstoð.

4. Umferðaröryggi – erindi frá íbúum í Mjósyndi

Lagt fram erindi frá íbúum í Mjósyndi þar sem óskað er eftir að umferðarhraði í gengum jörðina Mjósyndi og næsta nágrenni verði lækkaður. Málið var rætt og ábendingar komu fram um fleiri staði þar sem skapast hefur þörf fyrir góðar merkingar og lækkun á umferðarhraða (Forsætishverfi, Urriðafoss, Egilsstaðahverfi, Vatnsendi, Gaulverjabæjarvegur). Sveitarstjórn Flóahrepps tekur undir þessar ábendingarnar. Samþykkt að óska eftir fundi með Umdæmisstjóra Vegagerðarinnar á Selfossi til þess að fara yfir öryggismál á Urriðafossvegi, Gaulverjabæjarvegi og Villingaholtsvegi.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

5. Urriðafoss – aðgengi fyrir alla

Lagðir fram minnispointar fundar með verktaka vegna endurbóta við Urriðafoss.

Samþykkt er að óska eftir því við Börk Brynjarsson að hann sinni eftirliti með verklegum þætti verkefnisins fyrir hönd Flóahrepps.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

6. Upplýsingar úr bókhaldi Flóahrepps

Lagðar fram til kynningar upplýsingar úr bókhaldi Flóahrepps.

7. Forsendur fjárhagsáætlana 2022 – 2026

Lagt fram minnisblað Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 13.08.2021 þar sem farið er yfir markmið og forsendur fjárhagsáætlana hjá sveitarfélögum. Samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga varðandi heildarendurskoðun á tekjustofnun sveitarfélaga, regluverki Jöfnunarsjóðs o.fl.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að vinna að gerð fjárhagsáætlunar með forstöðumönnum og skila inn drögum á næsta fundi sveitarstjórnarinnar. Stefnt er að því að fjárhagsáætlun fyrir Flóahrepp 2022 - 2026 verði tekin til formlegrar afgreiðslu í fyrri umræðu 9. nóvember og til síðari umræðu 7. desember.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

8. Ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga 28. og 29. október

Lögð fram gögn um ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga 2021, aðalfund

Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Sorpstöðvar Suðurlands á Stracta hótelinu á Hellu dagana 28. og 29. október 2021.

Fulltrúar Flóahrepps með atkvæðisrétt á ársþinginu eru Árni Eiríksson, Rósa Matthíasdóttir og Hrafnkell Guðnason. Sveitarstjóri er áheyrnarfulltrúi

Árni Eiríksson er fulltrúi Flóahrepps á aðalfundi Heilbrigðiseftirlits og Sorpstöðvar.

Millipinganefndir hafa verið skipaðar vegna helstu málaflokka og starfa þær í gegnum fjarfundabúnað fram að ársþingi.

Samþykkt að greiða fyrir kostnað vegna gistingar fyrir þingfulltrúa frá Flóahreppi óski þeir þess.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

9. Alþingiskosningar 25. september 2021 – erindi til sveitarstjórna

Lagt fram erindi frá Dómsmálaráðuneyti vegna kosninga til Alþingis 25. september nk. Einnig lagðar fram leiðbeiningar frá Þjóðskrá um meðferð kjörskrárstofns ásamt kjörskrárstofni.

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við kjörskrárstofninn eins og hann er framlagður og felur sveitarstjóra að gefa út kjörskrá.

Kjörskrá liggur frammi til kynningar og/eða athugasemda frá og með miðvikudeginum 8. september 2021 til kjördags, á opnunartíma skrifstofu Flóahrepps í Þingborg.

Kjörstaður Flóahrepps 25. september 2021 verður **Félagsheimilið Þjórsárver**.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

10. Frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga – innleiðing laga um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna

Lagt fram til kynningar.

11. Frá Samgöngu og sveitarstjórnarráðuneyti –

- a) **Tillaga um skilgreiningu grunnþjónustu á grundvelli byggðaáætlunar – til umsagnar**
Lagt fram til kynningar.
- b) **Breytingar á leiðbeiningum um ritun fundargerða og notkun fjarfundabúnaðar – til umsagnar**
Lagt fram til kynningar.

12. Covid 19 – leiðbeiningar vegna rétta – unnar í samvinnu almannavarna, lögreglustjóra og fulltrúa sauðfjárbænda

Lagðar fram leiðbeiningar unnar í samstarfi Landssambands sauðfjárbænda, almannavarna ríkisins vegna rétta og þeirra takmarkana vegna Covid 19 sem settar hafa verið. Einnig tilkynning ráðuneytis um rýmkun á fjöldatakmarki upp í 300 manns þar sem brýn nauðsyn er á því.

Sveitarstjórn Flóahrepps leggur áherslu á að búfjáreigendur fari eftir fjöldaviðmiðum fyrir hvert býli og virði þannig þær samkomutakmarkanir sem gilda.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

13. Barnvæn sveitarfélög – innleiðing Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna – erindi

Lögð fram gögn til kynningar á verkefninu Barnvæn sveitarfélög. Verkefnið er samstarfsverkefni UNICEF á Íslandi og félagsmálaráðuneytisins en markmið verkefnisins er að styðja sveitarfélög í því að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í alla sína stjórnslu og starfsemi.

Nokkur pláss eru laus í haust og enn fleiri árið 2022. Áhugasöm sveitarfélög eru hvött til þess að sækja um. Sveitarstjórn Flóahrepps þakkar fyrir erindið og óskar eftir frekari kynningu á því á næsta fundi. Æskulýðs- og tólmstundanefnd er hvött til þess að senda áheyrnarfulltrúa á fundinn.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

14. Fundargerðir:

- a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 252, dags. 10.08.2021
Fundargerðin er lögð fram til kynningar.
- b) Stjórnar UTU nr. 87, dags. 25.08.2021
- c) Fundargerðin er lögð fram til kynningar.
- d) NOS dags. 31.08.2021
Fundargerðin er lögð fram til kynningar.
- e) Sorpstöðvar Suðurlands nr. 303, dags. 22.06.2021
Fundargerðin er lögð fram til kynningar.
- f) Heilbrigðisnefndar Suðurlands nr. 213, dags. 27.08.2021 ásamt drögum að samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæmis sveitarfélaganna á svæði Hsl.
Fundargerðin er lögð fram til kynningar.
- g) Stjórnar Bergrisans bs. nr. 29, dags. 09.04.2021
Fundargerðin er lögð fram til kynningar.
- h) Stjórnar Bergrisans bs. nr. 30, dags. 07.06.2021
Fundargerðin er lögð fram til kynningar.
- i) Stjórnar Bergrisans bs. nr. 31, dags. 15.07.2021
Fundargerðin er lögð fram til kynningar.
- j) Stjórnar SASS nr. 571, dags. 13.08.2021
Fundargerðin er lögð fram til kynningar.

15. Efni til kynningar:

- a) Evrópsk samgönguvika
- b) Svar Umhverfis- og auðlindaráðuneytis vegna umsóknar um styrk vegna verkefnisins „seyrusöfnun og endurnýting til áburðargjafar“
Sveitarstjórn Flóahrepps tekur undir bókun sveitarstjórnar Hrunamannahrepps frá 12.08.2021 þar sem sveitarstjórn lýsti vonbrigðum sínum yfir því að verkefnið nyti ekki stuðnings Umhverfisráðuneytis sem hluti af lausnum hringrásarhagkerfisins og óskaði eftir rökstuðningi fyrir því hvers vegna umsókn Hrunamannahrepps var hafnað.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

16. Önnur mál

a) Fjallskilasamþykkt

Oddvita og sveitarstjóra er falið að mæta á fund á Borg í Grímsnesi 9. september til þess að yfirfara samþykktina ásamt fulltrúum nágrennasveitarfélaganna.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

b) Næsti fundur sveitarstjórnar Flóahrepps verður haldinn í Þingborg þriðjudaginn 5. október klukkan 9:00.

17. Trúnaðarmál:

Fært í trúnaðarmálabók

Árni Eiríksson (sign)

Rósa Matthíasdóttir (sign)

Sigurður Ingi Sigurðsson (sign)

Margrét Jónsdóttir (sign)

Hrafnkell Guðnason (sign)

Eydís P. Indriðadóttir (sign)